

# Tunnuhringur

Þetta verkefni örvar nemendur til að taka meðvitað val og rökstyðja það.

Til viðbótar við þessa meginreglu styður verkefnið meginreglurnar "Nám með hugsun," og "Nám með ígrundun og mati."

## Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta rökstutt val.

## Efni

- 3 hringir
- Tákn fyrir hvern nemanda
- Hlutir til að setja inn í hringina (sjá hér neðar)

## Undirbúningur

- Veldu sögu eða aðstæður sem þú munt ræða um.
- Búðu til nokkrar spurningar sem eru byggðar á sögunni og/eða persónum sem nemendur þurfa að velja á milli. Gefðu upp fjölda hluta og/eða mynda sem tákna valið, t.d. myndir af persónum sögunnar.
- Gefðu hverjum nemanda tákn eða spjald sem er merkt honum.
- Stilltu nemendum upp í hring, settu hringina í miðjuna.

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Fyrstu skrefin

Kynntu hringina fyrir nemendum. Settu hlut eða mynd inn í hvern hring. Láttu nemendur velja á milli þessara tveggja hluta/mynda með því að spyrja þá spurninga. Nemendur setja sína mynd inn í hring að eigin vali. Þeir útskýra hvers vegna, t.d., hvað viltu spila? Hver finnst þér fallegust? Hvað notarðu til að...?

### 2 Innlögn

Segðu frá aðstæðum eða lestu söguna. Athugaðu hvort nemendur skilji um hvað sagan fjallar..

- Hver er ...?
- Hvað gerðist?
- Hvað er ...?
- Hvar og/eða hvenær gerðist ...?
- Hvernig gekk ...?

Leyfðu nemendum að draga saman söguna.

### 3 Að taka ákvarðanir

Segðu söguna aftur, ef þörf krefur. Settu hlutina eða myndirnar inn í hvern hring.

- Hvað hefur a eða b með söguna eða aðstæðurnar að gera?

Spyrðu spurningar um valið.

- Hvað myndir þú velja/gera til að ... a eða b?
- Hver persónanna tveggja heldurðu að sé meira ...?

Nemendur setja táknið sitt inn í hring af eigin vali.

Fáðu fram ástæðuna fyrir valinu.

- Hvers vegna valdir þú a/b?
- Hverjir aðrir völdu a/b? Valdir þú það af sömu ástæðu eða annarri?
- Hvað finnst þér um rök nemanda a? Hver er (ó)sammála? Hver vill tjá sig?

Endurtaktu þetta fyrir aðrar spurningar og/eða brot úr sögunni.

Ábendingar

- Ef þú ert að segja langa sögu geturðu skipt henni upp og gert þessa æfingu í bótum. Spyrðu spurninga á eftir brotinu sem þær tengjast.
- Er nemandi með nýja uppástungu sem er ekki í hringjunum? Kynntu þér þriðja hringinn „Ég vel eitthvað annað“. Láttu nemandann fyrst segja hvers vegna hinir hlutirnir eru ekki „fullnægjandi“ og hvers vegna nýi hluturinn er betri kostur.

### Ekki fela rökin í spurningunni.

- Í stað þess að spyrja: „Hvort velur þú þér til að leika með úti svo þú blotnir ekki? Regnhlíf eða veiðinet? Því þá munu börninsjálfkrafa velja regnhlífina, „því þá verða þau ekki blaut“.
- Spyrðu frekar: „Hvað velur þú þér að leika úti með þegar það rignir? Regnhlíf eða veiðinet? „Regnhlíf, því þá verð ég ekki blautur“. „Veiðinet, svo ég geti veitt froska.“

### 4 Afbrigði

Þú getur notað þessa æfingu fyrir margs konar inntak og vali tengt því. Ef þú vilt að nemendur hugsi um annað efni, skiptu hlutunum í hringjunum út fyrir:

- Broskalla
- Rökum, á miðum með lími
- Myndir af aðstæðum

### 5 Ígrundun

- Hvað bað ég þig um að gera?
- Hvernig var að velja? Hvers vegna?
- Hvernig var tilfinningin að þurfa að réttlæta val þitt?
- Hvaða rök bekkjarfélaga fannst þér áhugaverð/koma á óvart?
- Á hvaða efni myndir þú vilja beita þessari æfingu aftur?